



21. júní 2022
Tilv.: 2204100

Dreifibréf númer: 20/2022
Til verðbréfamiðstöðva

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um reglur og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda í verðbréfamiðstöð

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um reglur og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda (ESMA70-151-294), skv. 41. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). Reglugerðin er innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.

Viðmiðunarreglurnar fjalla um viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda en verðbréfamiðstöð skal fyrir sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, vera með skilvirkar og skýrt skilgreindar reglur og verklag (hér eftir reglur) í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli eins eða fleiri af þátttakendum sínum, svo tryggt sé að verðbréfamiðstöð geti gripið tímanlega til aðgerða til að takmarka tjón og lausafjárþrýsting og haldið áfram að rækja skyldur sínar. Með greiðslufalli er átt við aðstæður þegar málsmeðferð vegna ógjaldfærni er hafin gagnvart þátttakanda (gjaldþrotaskipti).

Samkvæmt viðmiðunarreglunum skal verðbréfamiðstöð skilgreina reglur í tengslum við greiðslufall þátttakenda. Í reglunum skal skilgreina hverja þær eiga við og skal stjórn viðkomandi verðbréfamiðstöðvar samþykkja þær. Verðbréfamiðstöð skal alltaf fara fram á formlega tilkynningu frá viðkomandi þátttakanda um greiðslufall eins fljótt og auðið er. Verðbréfamiðstöðvar eiga að upplýsa fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) um greiðslufall þátttakenda þar sem m.a. skal taka fram um hvers konar þátttakanda er að ræða, heildarmagn og verðmæti uppgjörsfyrirmælanna sem bíða uppgjors, tegund fjármálagerna sem um ræðir og upplýsingar um hvort greiðslufall þátttakanda geti haft í för með sér einhverja áhættu. Í reglum verðbréfamiðstöðva í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli skal tilgreina til hvaða aðgerða verðbréfamiðstöð ætlar að grípa og hvort þær gerist sjálfkrafa eða verði ákveðnar á grundvelli hvers atviks.

Verðbréfamiðstöð skal ásamt þátttakendum og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum, takast á hendur reglubundnar prófanir og endurskoðun á reglum um viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda til að tryggja að þær séu hagkvæmar og skilvirkar. Skilgreina á fyrirkomulag og tímabil/tímasetningu fyrir prófanir en þær á að

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

framkvæma a.m.k. árlega. Aðlaga skal reglurnar í kjölfar prófana ef veikleikar koma í ljós.

Verðbréfamiðstöð skal gera reglur í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda aðgengilegar almenningi.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglur við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfamiðstöðva að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir



Elsa Karen Jónasdóttir
lögfræðingur
markaðir og viðskiptahættir

